



# Áhættumat fyrir Þjóðskógasvið Skógræktarinnar

Uppfært 23. ágúst 2022

Höfundur: Hreinn Óskarsson  
Þjóðskógasvið



# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Kafli 1 Efni og notkun hættulegra efna á vinnustað .....	3
Kafli 2 Félagslegir og andlegir vinnuverndarþættir (samskipti, upplýsingaflæði, tímaþröng, einelti o.s.frv.).....	3
Kafli 3. Álag á hreyfi- og stoðkerfi - mikilvægi réttrar líkamsbeitingar.....	4
Kafli 4. Umhverfispættir .....	5
Kafli 5. Viðauki - yfirlit um áhættumat á starfstöðvum, úttektir og úrbætur.....	7

# Áhættumat fyrir þjóðskógasvið Skógræktarinnar

## Inngangur

Í þessari áætlun sem gerð er samkvæmt vinnuverndarlögum nr. 46/1980 er gerð skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum í þjóðskógum Skógræktarinnar sem byggð er á áhættumati. Markmiðið er að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins. Markmiðið er einnig að tryggja að samræmi sé í reglum hjá stofnuninni í heild, en hún er staðsett víðs vegar um landið.

Það áhættumat sem hér fylgir nær til helstu þátta í vinnuumhverfinu sem taldir eru geta haft áhrif á heilsu og öryggi. Sérstaklega er lítið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi starfsfólks sé hætta búin.

Settar eru fram tillögur um úrbætur þar sem áhættumat gefur til kynna að vandamál gæti verið fyrir hendi og er stefnir Skógræktin að nauðsynlegum forvörnum sem koma eiga í veg fyrir eða draga úr hættu á atvinnutengdu heilsutjóni, óþægindum og slysum.

Öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn hafa tekið þátt í gerð áætlunarinnar og fylgjast með því hvernig henni er framfylgt. Í því felst þátttaka í gerð áhættumats og áætlunar um heilsuvernd og forvarnir.

## Kaflí 1 Efni og notkun hættulegra efna á vinnustað

Helstu efni sem notuð eru á starfstöðvum þjóðskógasviðs Skógræktarinnar eru bensín, olíur, gas, málning og fúavarnarefni. Starfsfólk mun fylgja reglum um meðhöndlun og geymslu slíkra efna og tryggja að notaður sé varnarbúnaður s.s. andlitsgrímur þegar unnið er með þau.

Plöntuverndarvörur ýmiskonar s.s. sveppaeitur, illgresiseyðir og skordýraeitur voru áður notuð í starfsemi Skógræktarinnar en er hætt að mestu eða öllu leyti. Ef slík efni verða notuð mun Skógræktin sækja um eiturefnaleyfi til notkunar þeirra sbr. 7.gr efnalaga (2013/61) og fylgja þeim reglum sem lög segja til um. Nánari lýsing á þeim reglum sem gilda um meðferð eiturefna hjá Skógræktinni er að finna 4. kafla í 2. útgáfu [Öryggisreglna Skógræktarinnar vegna skógarhöggs, meðferðar keðjusaga og timburvagna](#).

## Kaflí 2 Félagslegir og andlegir vinnuverndarþættir (samskipti, upplýsingaflæði, tímaþröng, einelti o.s.frv.)

### Andleg líðan/heilsuefling

Skógræktin er fjölskylduvænn vinnustaður og býður upp á sveigjanlegan vinnutíma eftir því sem hægt er. Umsjónarmaður mannauðsmála ber ábyrgð á því að boðið sé upp á fyrirlestur/námskeið árlega um einkenni og afleiðingar streitu, tímastjórnun og markmiðasetningu. Markmiðið er að styrkja starfsmenn í daglegum störfum ásamt því að styðja starfsmenn sem glíma við streitu og kulnun vegna of mikils álags eða erfiðleika tengda vinnu eða einkalífi. Starfsfólki getur staðið til boða, með samþykki sviðstjóra og skógræktarstjóra, að leita þjónustu utan stofnunarinnar ef upp koma einkenni um langvinna streitu og kulnun í starfi.

Aðbúnaður starfsfólks á starfstöðvum er þáttur sem Skógræktin vinnur sífellt að því að bæta. Unnið hefur verið markvisst að endurbótum á starfsmannahúsum á síðustu árum og heldur sú vinna áfram eftir því sem fjárveitingar leyfa. Starfsmannahús á Vöglum og Hallormsstað hafa verið endurnýjuð að miklu leyti og nú er unnið að endurbótum á starfsmannahúsum í Hvammi í Skorradal og Haukadal í Bláskógabyggð. Stefnt er að því að þeim endurbótum ljúki á næsta ári.

## Hollt mataræði

Skógræktin hvetur starfsmenn sína til að borða hollan og næringarríkan mat. Mataræði hefur áhrif á heilsuna og hollur og góður matur hefur áhrif á starfsgleði starfsmanna. Skógræktin er þátttakandi í Grænum skrefum í ríkisrekstri [www.graenskref.is](http://www.graenskref.is) og þar er meðal annars lögð áhersla á minni matarsóun.

## Heilbrigð hreyfing

Eðli starfsemi Skógræktarinnar er fjölbreytt. Hluti starfsmanna vinnur störf sem fela í sér mikla kyrrsetu starfsfólks á meðan aðrir vinna líkamlega krefjandi störf. Mikilvægt er að vinna markvisst að því að þeir starfsmenn takmarki langvarandi kyrrsetu yfir vinnudaginn og hreyfi sig í samræmi við þær leiðbeiningar sem Landlæknisembættið hefur gefið út og finna má hér:

[https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11179/NM30399\\_hreyfiradleggingar\\_baeklingur\\_lores\\_net.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11179/NM30399_hreyfiradleggingar_baeklingur_lores_net.pdf)

Þannig er ekki aðeins lögð áhersla á hreyfingu sem líkamsrækt heldur fjölþætt gildi hreyfingar fyrir allt í senn andlega, líkamlega og félagslega vellíðan. Starfsfólk getur gert samgöngusamninga við stofnunina sem hvetur til þess að ganga eða hjóla í vinnuna. Starfsfólk stofnunarinnar tekur þátt í átaksverkefnum á borð við [www.hjoladivinnuna.is](http://www.hjoladivinnuna.is) og <https://lifshlaupid.is>.

## Kaflí 3. Álag á hreyfi- og stoðkerfi – mikilvægi réttrar líkamsbeitingar

Sýnt hefur verið fram á að líkamleg álagsmeiñ eru meðal algengustu orsaka þess að fólk er frá vinnu og því ærin ástæða til að vinna að forvörnum gegn slíku. Vinnueftirlitið hefur gefið út bækling til að auðvela atvinnurekendum og starfsmönnum að koma auga á hugsanlegar hættur í vinnuumhverfinu sem geta valdið heilsutjóni vegna líkamlegs álags, meta hætturnar og finna leiðir til úrbóta.

Skógræktin hefur fylgt leiðbeiningum Vinnueftirlitsins um endurbætur á vinnuaðstöðu starfsfólks s.s. endurnýjað borð og skrifborðsstóla og kynnt starfsfólki þær leiðbeiningar sem gerðar hafa verið vegna líkamlegs álags við vinnu. Ágætar leiðbeiningar um það má finna hér:

[https://www.vinnueftirlit.is/media/fraedslu--og-leidbeiningarit/likamlegt\\_alag\\_vid\\_vinnu.pdf](https://www.vinnueftirlit.is/media/fraedslu--og-leidbeiningarit/likamlegt_alag_vid_vinnu.pdf)

## Kaflí 4. Umhverfispættir

### Slysavarnir og vinnuvistfræðilegir þættir

Skógræktin vinnur samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnu-  
stöðum og er öryggishandbók stofnunarinnar liður í því að sinna því hlutverki.

Öllum starfsmönnum ber skylda til að kynna sér og þekkja ábyrgð sína, þær ráðstafanir, sem  
gera þarf til að tryggja öryggi í starfi og leggja sitt af mörkum til að tryggja framgang  
öryggismála innan fyrirtækisins.

Öryggismál Skógræktarinnar eru á höndum öryggisnefndar Skógræktarinnar. Nefndin er  
skipuð þremur starfsmönnum sem yfirstjórn tilnefnir. Öryggisnefnd er tilnefnd til fimm ára í  
senn.

Hlutverk öryggisnefndar er að koma með athugasemdir um það sem tengist aðbúnaði,  
hollustu og öryggi starfsmanna og afhenda þeim sem ber ábyrgðina málefnið til úrlausnar.  
Öryggisnefnd aðstoðar einnig stjórnendur og starfsmenn við áhættumat verkefna og kemur  
að áætlun um heilsuvernd og forvarnir. Eins hefur öryggisnefnd eftirlit með því að aðgerðum  
og áætlun á þessu sviði sé fylgt eftir.

Yfirumsjón öryggis- og vinnuverndarmála er í höndum mannauðsstjóra en skógræktarstjóri  
ber endanlega ábyrgð á öryggismálum starfsmanna.

### Varnarfatnaður og búnaður

Í öryggisreglum Skógræktarinnar er farið yfir helstu reglur um notkun persónuhlífa, s.s.  
varnarfatnaðar, fótabúnaðar, öryggishjálma, heyrarhlífa, hlífðargleraugna o.fl. Sjá 2. kafla  
<https://www.skogur.is/static/files/2016/Oryggisreglur-Skograektarinnar.pdf>.

### Skógarvinna með keðjusögum

Eitt af algengari verkefnum í eldri skógi er skógarhögg eða grisjun með keðjusögum. Stór  
hluti grisjunar og fellingar skóga hefur þó á síðustu árum verið á höndum verktaka og má  
búast við að hlutur vélgrisjunar aukist á næstu árum. Þó er enn unnið að grisjun með  
keðjusögum og brýnt að skýrar reglur gildi um þá iðju. Í þriðja kafla Öryggisreglna  
Skógræktarinnar má finna almennar verklagsreglur um skógarhögg  
<https://www.skogur.is/static/files/2016/Oryggisreglur-Skograektarinnar.pdf>.

Ítarlegri öryggisreglur vegna skógarhöggs með keðjusögum og meðferð keðjusaga má finna í sérstökum öryggisreglum:

[https://www.skogur.is/static/files/Skograektin/oryggisreglur\\_skogarhogg.pdf](https://www.skogur.is/static/files/Skograektin/oryggisreglur_skogarhogg.pdf)

Markmið öryggisreglna þessara er að skapa öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi þar sem vinnureglum er fylgt til hlítar til að koma í veg fyrir slys. Starfsmönnum Skógræktarinnar sem starfa við grisjun með keðjusög er gert að kynna sér öryggisreglur stofnunarinnar.

### **Vélar og tæki sem nýtt eru í skógarvinnu, við úrvinnslu viðar og ýmis önnur verkefni er tengjast vinnu á þjóðskógasviði**

Skógræktin leggur áherslu á að starfsfólk sé með nauðsynleg réttindi til vinnu við allar þær vinnuvélar sem stofnunin á og að viðkomandi hafi sótt námskeið til þeirra réttinda eins og lög gera ráð fyrir. Lögð er áhersla á að allar þær vélar sem nýttar eru við vinnu í skógi og við úrvinnslu skógarafurða uppfylli öryggiskröfur og hafa töluverðar endurbætur verið gerðar á tækjakosti stofnunarinnar á síðustu misserum til að bæta öryggishlífar þeirra véla sem notuð eru við starfsemina. Markmið Skógræktarinnar er að vélar uppfylli þau skilyrði sem lög og reglur gera ráð fyrir, auk þeirra viðbótarkrafna sem Vinnueftirlitið hefur gert til að auka öryggi starfsfólks.

### **Skráning og tilkynning slysa**

Skógræktinni ber að tilkynna til Vinnueftirlitsins um öll slys þar sem starfsmaður verður óvinnufær í einn eða fleiri daga og hvaða dag slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður eða annar aðili hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Innan viku skal svo senda Vinnueftirlitinu upplýsingar um slysið á viðeigandi eyðublaði. Starfsfólk hefur aðgang að tilkynningunni á vef Vinnueftirlitsins sem er unnin í samráði við yfirmenn:

[https://www.vinnueftirlit.is/media/eydublod/tilkynning\\_um\\_vinnuslys.pdf](https://www.vinnueftirlit.is/media/eydublod/tilkynning_um_vinnuslys.pdf)

### **Atvika- og óhappaskráning**

Auk þess að halda skrá um tilkynningarskyld vinnuslys, sem tilkynnt eru eftir formlegum leiðum til Vinnueftirlitsins, heldur Skógræktin einnig skrá um minni háttar atvik eða atvik þar sem næstum varð slys og hefði getað farið illa. Þá eru einnig skráð óhöpp sem valda eignatjóni eða rekstrartruflunum. Atvikaskrá er nýtt í innra vinnuverndarstarfi stofnunarinnar til að koma í veg fyrir frekari óhöpp eða alvarleg slys.

<https://www.skogur.is/static/files/Skograektin/oryggisaaetlun-atvikaskyrsla.docx>



## Kaflí 5. Viðauki - yfirlit um áhættumat á starfstöðvum, úttektir og úrbætur

Starfmannáöryggi	Gott	Ath	Stopp	Athugasemdir	Úrbætur / Skýringar
Vinnuverndarstarf	x	x		Áhættumat vantar	Vinna í gangi á vegum öryggisnefndar Skógræktarinnar
Neyðaráætlun v hamfara	x	x		vantar neyðaráætlun	Viðbragðs/Neyðaráætlun verið sett upp
Neyðaráætlun sýnileg	x	x		Neyðaráætlun ekki sýnileg á öllum stöðum	Hefur verið hengd upp á áberandi staði og kynnt starfsfólki
Félagslegur aðbúnaður	x	x		fara betur yfir áætlanir	Það hefur verið gert
Öryggisföt	x	x		Nota öryggisfatnað við arinviðarsagir	Tryggja að starfsmenn noti öryggisfatnað sem uppfyllir staðla
Hjálmanotkun	x	x		Á plani	Almenn regla að nota öryggishjálma þar sem nauðsyn ber til
Öryggisskór	x				Starfsmenn fá öryggisskó þar sem þörf er á
Hlíðarfatnaður	x				Tryggja að hlíðarfatnaður sé til staðar
Sóttvarnir v Covid19	x				Grímur, spritt og einnota hanskar til staðar.
Heyrnahlífar	x				Nota þar sem þörf er á og hávaði fer yfir öryggismörk
Öryggisgleraugu	x	x		Staðsetning	Finna þeim ákveðin stað í starfsstöð kaupa fleiri
Fallvarnir	x	x		Fallhætta til staðar á nokkrum stöðum	Tryggja öruggt starfsumhverfi og bæta fallvarnir þar sem þörf er á.
Geymsla hættulegra efna	x	x		Skáp, merkingar og öryggisbl. vantar	Unnið að úrbótum - þarfagreining fer fram
Merkingar	x			Vantar ljós á skilti	Fá rafvirkja til að laga
Sjúkrakassi og augnsk	x			Merkja skáp	Merkja hirslur sem innihalda sjúkragögn með rauðum krossi
Skápar fyrir starfsmenn	x			Lása vantaði á skápa	Tryggja að skápar starfsmanna séu læsanlegir
FjarSKIptabúnaður	x	x		Að fjarSKIptabúnaður sé til staðar í neyð	Starfsmenn eru ávallt með síma í vasa sem hægt er að hringja úr í neyð.

Ýmis tæki og tól	Gott	Ath	Stopp	Athugasemdir	Úrbætur / Skýringar
Handverkfæri	x	x	x	Slípirokkar - notkun stöðvuð ef vantar hlífar	Endurnýja handverkfæri sem ekki uppfylla öryggiskröfur
Gaskútar	x	x		Merkingar á byggingum vantar sumsstaðar	Að allar byggingar séu merktar að utanverðu sé gaskútur innandyra. Staðseting kútanna skoðuð og bætt úr þar sem þörf er á. Endurnýja gasslöngur þar sem þörf er á eða óvísst með aldur.
Efni og efnaotkun	x	x		Að hlífðarfatnaður sé til staðar	Að nægar grímur og hlífðarfatnaður séu til staðar á starfsstöðvum
Taðkvörn	x	x	x	Vantar hlíf og neyðarstöðvun	Vélin aflögð
Moldarblendar	x	x		Vantar hlíf og neyðarstöðvun	Grind ofan á þétt og neyðarstöðvunarrofi settur á hlið. Vinnuástaða bætt.
Könglatromla	x	x	x	Vantar hlíf og neyðarstöðvun	Vélin aflögð
Stigar og tröppur	x				Tryggja að stigar og tröppur séu í lagi
Birkingarvél			x		Vélin aflögð
Sög og hefill Hallormsstað	x	x		Kleyf, blaðhlíf og neyðarstopp vantar á sög	Vélin aflögð
Trésmíðavélar Vöglum	x	x		Vantar hlífar	Bætt við hlífum / lokað öryggissvæði við vélnarar
Vagn í þurrkunarklefa	x	x		Bremsur vantar	Bremsur settar á
Viðarkleyfar	x	x		Bæta við hlífum	Úrbætur á drifskafthlífum. Þarfagreining á endurnýjun kleyfa gerð.
Logsuðutæki	x	x		bæta öryggisbúnað	Úrbætur gerðar
Útsogsblásarar	x	x		Hávaði á Hallormsstað	Þarfagreining í gangi. Ferli komið í gang með flutning blásara.
Áburðardreifari	x	x		Ath drifskafthlíf	Drifskafthlíf sett á.
Viðarkurlarar	x	x		Öryggisútsláttarslá neðan við op	Op á kurlara lendir niður við jörðu. Ekki hægt að koma fyrir slá þar og myndu trjáboli og greinar rekast í öryggisútsláttarslá þar undir.
Traktorar	x	x		Öryggiskeðjur vantaði á einhverjar vélar	Úrbætur á drifskafthlífum hafa verið gerðar
Traktorar - v útkeyrsluvagn	x	x		Grind vantar fyrir afturrúðu	Ákveðið að fá plexíglar í staðinn vegna útsýnisskerðingar vegna grindar
Sláttuvélar	x	x		Skoða þarf sláttuvélar	Sláttuvélar verða skoðaðar
Útkeyrsluvagnar	x	x			Fylgjast með að allur búnaður sé í lagi á vögnum.
Slökkvitæki	x				Tryggja að slökkvitæki séu endurnýjuð reglulega skv. dags. Merkingu
Kranagálgi við sög	x	x		Burðarþol óþekkt í Þjórsárdal	Burðarþolsprófanir hafa verið gerðar sem sýna nægilegan burð
Brýningartæki og sagarblöð	x	x		Vantaði afmörkun fyrir tækið	Bætt úr því og tækið á afmörkuðum stað í skemmu /nota hlífðarfatnað
Bandsagir	x	x		Blaðhlíf vantaði á Norwood / aðgengi opið	Blaðhlíf sett á og lokað á aðgengi að óvörðum hlutum sagarinnar
Bandsög Skorradal			x	Hlífðarbúnað vantar	Vélin aflögð
Fræsari Erku	x	x		Vantaði hlíf	Hlíf sett á fræsiöxul
Hitablásarar	x	x		Vantar betri hlíf	Unnið að úrbótum
Rammagagur	x	x		Vantar hlíf og útsláttarrofa	Búið að bæta úr því
Talía fyrir trjáboli	x	x		Hífivir ónýtur	Skipt um hífivir. Fylgjast með ástandi hífivirs og skipta þegar þarf

Umhverfi úti og inni	Gott	Ath	Stopp	Athugasemdir	Úrbætur / Skýringar
Óhindruð umferð	x				Tryggja óhindraða umferð á vinnusvæði
Afgirt hættuleg svæði	x				Girða af hættuleg svæði á vinnustað með keðjum eða öðru
Handrið	x				Tryggja að handrið séu nægilega sterk þar sem þau er að finna
Göt í gólfum	x				Tryggja að göt í gólfum séu lokuð svo ekki verði slys
Vinnulýsing	x	x		Lýsingu á bótavant	Tryggt að lýsing á vinnusvæði og við hús sé nægjanleg
Hávaði	x	x		Hávaði af loftpressu / blásara í vinnurými	Unnið að úrbótum / heyrnarhlífar notaðar þegar pressan er í gangi
Hreint loft	x				Tryggja góða loftun á vinnurýmum.
Tiltekt og þrif	x				Þrifa vinnusvæði reglulega
Vinnurafmagn	x	x		Ljós og hitakútur Skorradal	Fylgjast með að raflagnir séu í góðu lagi. Gera öryggisgreiningu á hitakúti og vinna úrbætur í kjölfarið.
Skrifstofuaðstaða	x				Upphækkunleg borð og nýmóðins stólar sem uppfylla kröfur
Sorpaðstaða	x				Tryggja að dýr komist ekki sorphirslur
Lageraðstaða	x				Tryggja að varningi sé tryggilega fyrir komið á lager
Sturtuáðstaða	x	x		Rakaskemmdir í Haukadal / hengi Skorrad.	Þarfagreining gerð. Unnið að úrbótum
Þvottavélar	x	x		hærra	Þarfagreining gerð. Útbætur gerðar þar sem þörf er á.
Aðstöðuskúr	x	x		Haukadal	Gámur þrifinn og hreinsað úr honum.
Vinnuáðstaða Skorradal	x	x		Borar á hættustað / Fallhætta /aðstaða	Til stendur að rífa húsin. Tryggja öryggi þangað til.
Starfsmannahús	x	x		Þak í Haukadal / endurnýjun Skorradal	Endurnýjun á þaki í Haukadal sett í ferli. Vinna fer fram í Skorradal
Snjómokstur / háلكuvarnir	x	x		Víða hált á svellinu	Tryggja mokstur og háلكuvarnir þegar þörf er á
Aðstaða til viðgerða	x	x		Haukadal	Gert við vélar á þjónustuverkstæðum
Tjaldsvæði	x				Tryggja fyllsta öryggi á tjaldsvæðum og tilskilin leyfi séu til staðar
Útivistarsvæði	x				Að útivistarsvæði séu örugg svæði fyrir gesti

Almennar aðstæður	Gott	Ath	Stopp	Athugasemdir	Úrbætur / Skýringar
Öryggisnámskeið	x				Að starfsfólk sækir reglulega öryggis og skyndihjálparnámskeið
Óhappa-/atvikaskráning	x				Óhöpp eru skráð og tilkynnt þar til bærnum aðilum.
Félagslegar aðstæður	x				Að starfsfólk hafi aðgengi að öllum upplýsingum um félagslega þætti
Kaffiaðstaða	x				Að kaffiaðstaða sé snyrtileg og aðgengileg öllum á starfsstöðvum.
Snyrtingar	x				Að salernisaðstaða sé snyrtileg og aðgengileg öllum á starfsstöðvum.
Kaffi- og klósettaðst. í skógi	x	x		Vantar færanlega kaffi og klósettaðstöðu	Ekki talin þörf á slíku eftir þarfagreiningu.
Réttindi	x				Að starfsmenn hafi réttindi á vélar og tæki.
Nýliðafræðsla	x				Tryggja að nýjir starfsmenn fái fræðslu um öryggismál, félagslega þætti ofl.
Starfsmannabifreiðar	x				Tryggja að starfsmannabifreiðar séu í fullkomnu lagi og á góðum dekkjum.
Slysviðbrögð	x				Tryggja öryggi á slysstað og hringja í 112

